

Félag lóðarhafa að Kiðjabergi

Ársskýrsla 2022



Skýrsla stjórnar FLK fyrir 2022

Aðalfundur Félags lóðarhafa að Kiðjabergi (FLK) var haldinn 5. mars 2022 þar sem stjórn félagsins var kosin. Í stjórn eru Snjólfur Ólafsson, formaður, Bjarni Sigurðsson, ritari og Kristín Eysteinsdóttir, gjaldkeri. Varamenn eru Hlín Ástþórsdóttir og Bergur Sandholt og eru þeir alltaf boðaðir á stjórnarfundi.

Hin hefðbundna Góugleði var haldin að kvöldi 5. mars, en hún féll niður árin 2020 og 2021 vegna sóttvarnarreglna. Góugleðin er aðalhátið félagsins og því mjög ánægjulegt að unnt var að halda hana á ný.

Hinn árlegi vinnudagur GKB (golfklúbbsins) og FLK var 7. maí og var að venju unnið að ýmsum verkum. Stjórnarmenn skoðuðu staðsetningu fyrir hugsanlegt leiksvæði, sem yrði á túninu hjá tækjaskemmu golfklúbbsins. Stjórnin vann svo áfram að þessu máli og mun leggja fram tillögu með kostnaðaráætlun á aðalfundi 2023, í samræmi við ályktun aðalfundar 2022. Einnig var skoðað svæðið milli lóða 60/61 og 66/67, en hugmynd hafði komið fram um að leggja göngustíg milli þeirra. Stjórnin samdi síðar við Baldur Sigurjónsson hjá Suðurtaki um að leggja þann stíg. Hann hóf það verk seint á árinu 2022 og mun ljúka því vorið 2023.

Á aðalfundinum var samþykkt ályktun um að „... loftförum, hverju nafni sem nefnast, verði bannað að athafna sig í landi Kiðjabergs.“. Stjórnarmenn FLK höfðu samband við Samgöngustofu til að fá upplýsingar um hvaða áhrif þessi ályktun myndi hafa á þyrluflug á svæðinu, ef einhver. Greint er frá svörunum í fundargerð stjórnarfundar þann 31. október 2022, en fundargerðir stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu FLK, kberg.is. Kjarni svaranna er sá að frístundabyggðir teljast til dreifbýlis og þar er þyrluflug heimilt, en þó að lágmarki í 500 feta hæð. Áður en lent er á landareign þarf leyfi eiganda að liggja fyrir. Einstaklingar geta sent kvörtun vegna þyrluflugs á Umhverfisstofnun, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eða Samgöngustofu, sjá nánar í fundargerðinni frá 31. október.

Stjórnin skoðaði þann möguleika að setja nýja öryggismyndavél við gamla gámasvæðið og fékk m.a. tilboð í uppsetningu á slíkri vél. Niðurstaða stjórnarinnar er hins vegar að setja ekki upp öryggismyndavél og eru tvær meginástæður fyrir því. Annars vegar er óljóst hvað félaginu er heimilt að gera í þeim efnum, m.a. vegna laga um persónuvernd. Hins vegar telja stjórnarmenn að líkur á því að öryggismyndavél á þessum stað komi einhvern tíman að gagni séu hverfandi.

Á aðalfundi 2019 var samþykkt að hefja endurbætur á þeim vegum í Kiðjabergi sem ekki var lagt bundið slitlag á og vinna það verkefni á 3-4 árum og lauk því verkefni vorið 2022. Á næstu árum verður síðan unnið að lagfæringum og endurbótum á vegum eftir því sem þörf er á. Göngu- og golfbílástígarnir tveir voru lagfærðir haustið 2021 og vorið 2022, og á næstu árum er ætlunin að bæta við fleiri stígum.

Snjómokstur í Kiðjabergi og Hestlandi er í höndum Baldurs Sigurjónssonar hjá Suðurtaki. Nokkur óánægja kom fram með innheimtu fyrir snjómokstur að einstaka húsum veturinn 2021-2022, en upphæðin sem rukkuð var, var ekki í neinu samræmi við tímann sem það tók að moka og ekki í samræmi við það sem hafði verið á undan, þegar annar aðili sá um snjómokstur. Stjórnin reyndi að fá Baldur til að ganga frá fyrirkomulagi vegna snjómoksturs sem fólk yrði sátt við, en hann kom sér aldrei í það verk. Stjórnin mun reyna áfram að koma þessum málum í betra horf.


Snjólfur Ólafsson, Kristín Eysteinsdóttir, Bjarni Sigurðsson

Ársreikningur fyrir Félag lóðarhafa að Kiðjabergi, kt. 510795-2539, fyrir árið 2022


Áritun stjórnar

Stjórn Félags lóðarhafa Kiðjabergi hefur samþykkt ársreikning félagsins
árið 2022


Mái 2023



Snjólfur Ólafsson



Bjarni Sigurðsson




Kristín Eysteinsdóttir

Áritun skoðunarmanns

Ég hef farið yfir ársreikning Félags lóðarhafa að Kiðjabergi og geri engar
athugasemdir við reikninginn

Mái 2023



Hjörleifur B. Kvaran

Félag lóðarhafa Kiðjabergi

Rekstrarreikningur 2022

Tekjur	2022	2021	2020
Lóðir með vatni			4.257.000
Lóðir án vatns			850.000
Allar lóðir	6.062.409	6.363.389	5.107.000
Vaxtatekjur	338.176	54.776	121.928
Innheimtutekjur			41.411
Ýmsar tekjur (m.a. ofgreiddar klöppur)	96.666	15.401	14.635
Styrkur frá Grímsnes og Grafningshreppi	350.000		
Leiðrétting á ofreiknuðum verðbótum		1.381.901	
Heildartekjur	6.847.251	7.815.467	5.284.974
Gjöld	2022	2021	2020
Bankakostnaður	20.810	17.275	37.854
Fjármagnstekjuskattur	74.399	12.051	26.824
Góugleði			27.113
Eftirlitsgjald Heilb.Selfoss/ Vatnsveita	53.961	28.351	29.250
Veitingar vegna vinnudags í maí	55.000		
Landsamband sumarhúsaeigenda	180.000	180.000	150.000
Prentihylki, pappir+ endursk			5.600
Rafmagn vegna vatnsdælu	660.815		1.127.218
Viðhald Vatnsdælu	845.358		
Klöppur (þetta er tvöföld upphæð)		186.832	
Rarik Orkusalan vegna myndavélar	56.650	48.888	33.166
Stígar (frkv af golfklúbbi)	2.535.000		
Snjómokstur	384.400	358.185	1.306.960
Vegaframkvæmdir Suðurtak	3.208.448	256.672	4.543.712
Ýmislegt-teikningar	6.950		121.331
Vatnsveita: verðbætur			422.078
Afskriftir 5%	750.000	750.000	750.000
Gjöld alls	8.831.791	1.838.254	8.581.106
Tekjur umfram gjöld	-1.984.540	5.977.213	-3.296.132

Félag Ióðarhafa Kiðjabergi

Efnahagsreikningur 31.12.2022

Eignir	2022	2021	2020
Vatnsveita	7.934.416	8.684.416	9.434.416
Bankareikningur / vegasjóður	589.351	578.143	576.639
Bankareikningur / árgjald	12.760.088	14.009.278	12.697.291
Veltureikningur	94.431	90.989	87.739
Eignir alls	21.378.286	23.362.826	22.796.085

Skuldir	2022	2021	2020
Skuldabréf M.H.			5.410.472
Skuldir alls	-	-	5.410.472

	2022	2021	2020
Eigið fé í upphafi árs	23.362.826	17.385.613	20.681.745
Hagnaður/Tap	-1.984.540	5.977.213	- 3.296.132
Eigið fé	21.378.286	23.362.826	17.385.613

Skuldir og eigið fé samtals	21.378.286	23.362.826	22.796.085
------------------------------------	-------------------	-------------------	-------------------